



## Stefna LÍS um velferð stúdenta

Samþykkt á Landsþingi 2021

# Efnisyfirlit

KAFLI 0: INNGANGUR.....	3
Uppbygging og fræðilegur bakgrunnur stefnunnar .....	4
Hvað er velferð? .....	4
Þarfapíramídi Maslow .....	4
Markmið, undirmarkmið og mælikvarðar .....	5
KAFLI 1: GRUNNÞARFIR.....	6
Fjármál.....	6
Námslán.....	6
Skólagjöld .....	7
Atvinna .....	7
Húsnæði .....	9
Stúdentaíbúðir.....	10
Almennur húsnæðismarkaður.....	10
Heilsa .....	11
Andleg.....	11
Líkamleg.....	11
Þjónusta.....	12
Matur.....	12
Barnagæsla og skólar.....	13
Samgöngur.....	13
KAFLI 2: ÖRYGGISÞARFIR .....	14
Vernd gegn ofbeldi og áreitni .....	14
Verkferlar.....	14
Menning .....	14
Forvarnarfræðsla.....	15
Sjálfbærni & umhverfi .....	15
KAFLI 3: FÉLAGSLEGAR ÞARFIR.....	17
Blómlegt félagslíf.....	17
Hugað að álagi.....	17
Félagslegur jöfnuður .....	17
KAFLI 4: VIÐURKENNING .....	19
Þátttaka stúdenta .....	19
Einstaklingsmiðað nám .....	19
KAFLI 5: LÍFSFYLLING.....	21
VIÐAUKI 1.....	22
VIÐAUKI 2.....	24

# Kafli 0: Inngangur

## *Velferð núverandi og tilvonandi stúdenta er forsenda þess að það ríki jafnrétti til náms á Íslandi.*

Stefna LÍS um velferð stúdenta var lögð fram á Landsþingi 2021 en á sama þingi var stefna um samstarf stúdenta og starfsfólks lögð fram til samþykktar. Þessar stefnur er 6. og 7. stefnur LÍS. Tilgangur stefnuskrifa LÍS er að veita samtökunum og stúdentum öllum verkfæri í báráttu sinni fyrir bættum kjörum stúdenta. Við erum sterkust saman og þegar við getum sammælst um ákveðin gildi og markmið getum við sameinað krafta okkar í að ná háleitum markmiðum.

Þema Landsþings 2020 var *Velferðarmál í nærumhverfi stúdenta* og innihald þessarar stefnu er byggt á vinnustofum sem áttu sér stað þar. Fyrirlesarar fjölluðu um geðheilbrigðis-, húsnæðis- og lánasjóðsmál og í kjölfarið áttu sér stað umræður um hvaða merkingu velferð hefur fyrir hinn fjölbreytta hóp sem stúdentar skipa. Á sjötta tug stúdenta frá öllum háskólum landsins og fulltrúar íslenskra stúdenta erlendis settu sínar hugmyndir, forgangsatriði, gildi og markmið á blað og við sem skrifuðum þessa stefnu gerðu okkar besta til þess að koma sjónarmiðum allra til skila. Margar hugmyndir voru ekki nýjar af nálinni því að stúdentahreyfingarnar hafa allar lengi barist fyrir bættri velferð stúdenta.

Þar sem velferð stúdenta hafa skipað stóran sess í hagsmunabaráttu stúdenta þá svipar margt í eftirfarandi stefnu til einstakra undirkafla annarra stefna LÍS. Hinar stefnur LÍS snúa að gæðum, jafnrétti, alþjóðavæðingu, sjálfbærni og innra starfi samtakanna. Það er hægt að skoða velferðarmál út frá gæðum eða jafnrétti, í alþjóðlegu samhengi, tengja við sjálfbærni eða huga að velferð meðlima okkar í innra starfi. Í þessari stefnu verður betur gert grein fyrir skilningi stúdenta á hugtakinu velferð og hvaða þættir það eru sem stuðla að eða draga úr velferð stúdenta. Stefnan mun leggja til markið og leiðir að þeim markmiðum, samhliða því að skilgreina ábyrgðaraðila og leggja til samvinnu allra hagaðila háskólasamfélagsins.

Það er okkar von að þessi markmið, öll með tilgreinda ábyrgðaraðila, geti vísað núverandi og næstu kynslóð stúdentafulltrúa veginn í hagsmunabaráttu sinni. Þegar þessi stefna verður endurskoðuð eins og lög LÍS segja til um verður ef til vill hægt að strika einhver atriði af listanum sem uppfyllt markmið. Flest markmiðin eru þess eðlis að þeim er aldrei náð að fullu heldur verður stöðugt að viðhalda framfarir og reyna að gera enn betur. Einmitt þess vegna er mjög dýrmætt að stúdentar geri samning hvort við annað að berjast fyrir velferð allra núverandi og tilvonandi stúdenta.

# Uppbygging og fræðilegur bakgrunnur stefnunnar

## Hvað er velferð?

Við gerð stefnunnar litum við til efnis sem LÍS hefur gefið út, efni á vef Félagsmálaráðuneytis, stefnur Evrópusamtaka stúdenta og Evrópusamtaka framhaldskólanema, Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og ýmsar fræðilegar greinar um þá þætti sem heyra undir velferðarmál. En hvernig skilgreinum við velferð? Embætti landlæknis skilgreinir velferð á eftirfarandi hátt:

*„Velferð er almennt hugtak og spannar öll svið mannlífsins. Sá sem býr við líkamlega, andlega og félagslega velferð er talinn lifa góðu lífi“.<sup>1</sup>*

Skilningur ólíkra einstaklinga og fagsviða á hugtakinu velferð getur verið mjög mismunandi en í þessari stefnu viljum við að hugtakið nái utan um upplifun stúdenta af þeim skilyrðum sem þau búa við og hvað þau þurfa til þess að lifa góðu lífi. Við greiningu á fyrrnefndum umræðum um velferð á Landsþingi LÍS 2020 mátti sjá þó nokkra sameiginlega samnefnara sem flestir fulltrúar stúdenta töldu vera grunnskilyrði þess að búa við góða velferð.

## Þarfapíramídi Maslow

Það sem kom fram á vinnustofum Landsþings 2020 sterti einmitt „öll svið mannlífsins“, svo til þess að geta flokkað áherslur stúdenta í velferðarmálum notar þessi stefna kenningu Abraham Maslow um stigveldi þarfa, eða þarfapíramíða (e. pyramid of needs). Kaflaskipting stefnunnar endurspeglar þá fimm flokka sem Maslow taldi þarfir mannsins skiptast í og hvernig þarfirnar byggja hver á annarri (sjá myndir í viðauka 1).

Neðst eru grunnþarfir, síðan þarfir varðandi öryggi, félagslíf, viðurkenningu og svo lífsfylling. Við nýttum þessa hugmynd sem ramma, en höldum því ekki fram að kenning Maslow um þarfir fólks sé algild. Kenningin felur í sér að einstaklingur sem fær ekki grunnþarfir sínar uppfylltar á erfiðara með að mæta þeim þörfum sem eru í þrepum fyrir ofan. Einstaklingur sem á ekki í hús að venda ætti til dæmis ekki eins auðvelt með að byggja upp sterkt félagslegt tengslanet. Við viljum samt benda á að það sé alls ekki þannig að þau sem skortir grunnauðsynjar eigi ekki skilið öryggi, félagsleglíf, viðurkenningu og lífsfyllingu. Það eiga öll skilið að fá þarfir sínar uppfylltar og mörgum tekst að sjálfsögðu að finna lífsfyllingu þrátt fyrir að búa við erfiðar aðstæður. Það er óneitanlega erfiðara fyrir einstaklinga að leita sér að lífsfyllingu ef þau búa við fátækt, heilsufarsvandamál, álag eða aðrar aðstæður sem valda því að grunnþörfum þeirra sé ekki mætt.<sup>2</sup>

Efst í píramíðanum er Lífsfylling, en að mati LÍS er menntun liður í því að finna þessa lífsfyllingu. Samt sem áður er menntun ekki lúxusvara heldur sjálfsögð mannréttindi. Hugsun okkar með því að nota þarfapíramíðanum er að sýna sjónrænt þau rök sem stúdentar hafa lengi haldið fram: að einstaklingur sem býr við góða velferð er líklegri til þess að geta blómstrað í námi og öfugt. Til þess að stúdentar eigi möguleika á því að njóta þess sem háskólanám hefur upp á að bjóða þá þurfa þau að grunnþörfum þeirra sé mætt.

<sup>1</sup> Embætti landlæknis. (2013). Almenn hugtök í ICF: Hugmyndafræði og flokkunarkerfi. Sótt af [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2213/ICF\\_Almenn.hugtok\\_2013.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2213/ICF_Almenn.hugtok_2013.pdf)

<sup>2</sup> Maslow, A.H. (1943). A Theory of Human Motivation. *Psychological Review*, 50, 370-396. Sótt af <http://psychclassics.yorku.ca/Maslow/motivation.htm>

## Markmið, undirmarkmið og mælikvarðar

Undir hverjum kafla má sjá markmið, undirmarkmið og mælikvarða. Yfirmarkmiðin okkar eru í eðli sínu framsýn og almenn meðan undirmarkmiðin tiltaka nánar hvaða skref þarf að taka til að ná settu markmiði. Með hverju undirmarkmiði reynum við einnig að tilgreina ábyrgðaraðila þegar við á. Mælikvarða reyndum við að velja sem munu gefa til kynna hvort markmiðinu hefur verið náð. Við mat á stöðu velferðar innan samfélagsins er hægt að skoða félagsvíddir og félagsvísa. Hagstofan hefur skilgreint ákveðnar félagslegar *víddir* (e. social dimensions) og undir hverja vídd afmarkaða félagsvísa (e. social indicators).<sup>3</sup>

*„Hægt er að líta á víddir sem regnhlífarhugtak yfir þætti af svipuðum meiði sem taldir eru hafa áhrif á félagslega velferð. Heilsa og fjárhagur eru dæmi um víddir félagslegrar velferðar.[...] Félagsvísarnir tilheyra ákveðinni vídd og miða að því að mæla víddina. Mælingin gefur vísbendingu um stöðu félagslegrar velferðar innan hverrar víddar fyrir sig.”<sup>4</sup>*

Skilja má heiti kaflanna þessari stefnu sem *félagsvíddir* og mælikvarðana sem við veljum sem *félagsvísa*. LÍS leggur áherslu á að aðgerðir og stefnumótun háskólanna og stjórnvalda byggi á gagnaöflun, eins og til dæmis mælingum út frá félagsvísunum. LÍS hafa að einhverju leiti kannað félagsvísa sjálf, t.a.m. með könnunum um líðan og stöðu stúdenta á tímum COVID-19<sup>5,6</sup>. Þó gerum við ekki eins ríka kröfu til stúdentahreyfinganna um að öflun og greiningu gagna út frá félagsvísunum, þar sem slík vinna krefst sérfræðiþekkingar og sér í lagi fjármagns. Sumir mælikvarðarnir sem við setjum fram hér í þessari stefnu eru ef til vill ófullkomnir vegna þess að það er hvergi verið að afla þeirra gagna mælikvarðinn vísar í, en stúdentahreyfingarnar geta ekki einar borið ábyrgð á því að fylgjast með og tryggja velferð stúdenta. Við teljum ábyrgð á gagnaöflun um velferð stúdenta liggja hjá háskólum og stjórnvöldum, þar sem þekking og fjármagn er til staðar en einnig fólk í valdastöðu sem getur bætt stöðu stúdenta ef viljinn er fyrir hendi.

Sum markmiðin eru þess eðlis að erfitt eða ómögulegt væri að velja viðeigandi mælikvarða. Önnur eru mjög afmörkuð og myndu nást með einni aðgerð. Til dæmis í kafla tvö um öryggisþarfir er markmið um að skapa jákvæða menningu þar sem öll eru velkomin óháð bakgrunni. Það væri erfitt að meta það hvenær fullkomnu jafnrétti væri náð, almennt má alltaf gera betur auk þess sem nýjar áskoranir verða til með breytingum í samfélaginu. En markmið um reglugerð um starfsnám á háskólastigi verður náð þegar sú reglugerð lítur dagsins ljós. Síðan verður auðvitað að meta og endurbæta þá reglugerð eins og allar aðrar reglugerðir sem snúa að háskólastiginu til að vera viss um að þær séu í takt við þarfir stúdenta hverju sinni.

<sup>3</sup> <https://visar.hagstofa.is/felagsvisar>

<sup>4</sup> Gró Einarsdóttir. (2019). Endurskoðun félagsvísa. *Hagtiðindi*, 104(1).

Sótt af <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/898e0d65-2244-400a-b5cd-e0c87c005e8d.pdf>

<sup>5</sup> <https://studentar.is/frettir-og-greinar/2020/5/18/knnun-velfer-og-staa-stdenta-heimsfaraldri-survey-well-being-and-status-of-students-in-a-pandemic>

<sup>6</sup> <https://studentar.is/frettir-og-greinar/2020/6/8/atvinnu-og-astur-nmsmanna-vegna-covid-19>

# Kafli 1: Grunnþarfir

Á fyrstu hæðinni í þarfapíramídanum eru grunnþarfir og því hefst fyrsti kafli Velferðarstefnunnar á þeim. Fjallað verður um fjármál, húsnæði, heilsu og þjónustu en þessi listi af grunnþörfum er alls ekki tæmandi heldur er einblínt á þær þarfir sem stúdentahreyfingar hafa helst barist fyrir. Þeim er heldur ekki endilega raðað eftir forgangi, þar sem brýnasta þörfin gæti verið ólík milli einstaklinga.

## Fjármál

Fjárhagslegur stöðugleiki er grunnforsenda þess að stúdentar geti mætt grunnþörfum sínum á borð við húsnæði, næringu og læknisþjónustu. Í þessum undirkafla flokkum við fjárhagslegar þarfir stúdenta í námslán, skólagjöld og atvinnu.

## Námslán

Námslánakerfið á að þjóna sínu félagslegu hlutverki með því að veita stúdentum tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Stúdentar hafa lengi kallað eftir fjárhagslegu öryggisneti og hafa Lánasjóður íslenskra námsmanna og Menntasjóður námsmanna ekki verið undanskildir þeirri umræðu. Upphæðir námslána endurspeglar ekki neysluviðmið landsmanna og eru þær lægri en atvinnuleysisbætur<sup>7</sup>, lágmarkslaun<sup>8</sup> og dæmigert neysluviðmið<sup>9</sup>. Stúdentar eiga að geta stundað námið sitt sem skyldi og lifað mannsæmandi lífi án fjárhagserfiðleika, en samkvæmt könnun Eurostudent VII segjast 32% íslenskra stúdenta eiga við mikla eða mjög mikla fjárhagserfiðleika að stríða.<sup>10</sup> Á Íslandi er venjan að stúdentar vinni samhliða námi til að framfleyta sér. Stúdentar eiga ekki að þurfa að leita til vinnumarkaðarins samhliða því að vera á námslánum. Stúdentar hafa framfærsluþörf í samræmi við aðra hópa samfélagsins hvað varðar húsnæði og önnur útgjöld, því þurfa námslán að gera námsmönnum kleift að mæta sínum útgjöldum á meðan á námi stendur, án þess að þurfa að leita annarra úrræða. Öll sem stunda háskólanám eiga rétt á því að lifa sómasömu lífi án fjárhagserfiðleika

### © Markmið 1.1: Upphæðir námslána eiga að samsvara framfærsluþörf stúdenta

- *Ábyrgð: Menntasjóður námsmanna, Menntamálaráðuneyti, Fjármála- og efnahagsráðuneyti*
  - Undirmarkmið:
    - Námslán skulu mæta framfærsluþörf lántaka.
  - Mælikvarði:
    - Grunnframfærsla samsvari, að lágmarki, dæmigerðu neysluviðmiði og viðbótarlán vegna húsnæðis verði reiknað miðað við leiguverð á almennum markaði.

<sup>7</sup> Atvinnuleysisbætur: 289.510 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt. <https://vinnuvalastofnun.is/atvinnuleitandi/fjarhaedir-og-greidslur-atvinnuleysisbota/fjarhaedir-atvinnuleysisbota>

<sup>8</sup> Lágmarkslaun almennt rúmar 300.000. <https://www.fjs.is/utgefing-efni/launatoflur/launatoflur-2020/>

<sup>9</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/reiknivél-fyrir-neysluvidmid/>

<sup>10</sup> [https://www.eurostudent.eu/download\\_files/documents/Eurostudent\\_brochure\\_WEB.pdf](https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf)

- Niðurstöðu kannanna sýni færri sem eiga við fjárhagserfiðleika
- Fleiri sem taka námslán.

## Skólagjöld

LÍS tekur Evrópusamtök stúdenta<sup>11</sup> til fyrirmyndar og tekur með þessari stefnu upp það markmið að allt háskólanám á Íslandi verði aðgengilegt án endurgjalds. Fullkomið aðgengi að námi án endurgjalds er síður en svo veruleiki í öllum aðildarlöndum Evrópusamtaka stúdenta en einmitt þess vegna skiptir máli að fulltrúar stúdenta frá allri Evrópu hafi sammælst um þetta markmið og geta nú unnið saman að því að gera það að veruleika.

### © Markmið 1.2: Öll skulu geta sótt það nám þau óska sér óháð efnahag.

- *Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti, Fjármála- og efnahagsráðuneyti, háskólar*
  - Undirmarkmið:
    - Afnema skal skólagjöld.
    - Stórauka ríkisframlög til háskólanna.
  - Mælikvarði:
    - Enginn háskóli á Íslandi innheimtir skólagjöld.

## Atvinna

Fjallað er um atvinnu sem grunnþörf í þeim skilningi að öll þurfum við einhverskonar tekjur til þess að sjá fyrir grunnþörfum okkar. Einnig væri hægt að fjalla um atvinnumál í kafla 3 um félagslegar þarfir, kafla 4 um virðingu eða kafla 5 um lífsfyllingu. Hér fjöllum við um álag vegna atvinnu, atvinnuleysi og atvinnutækifæri.

## Vinna með námi

LÍS vilja að enginn sem stundar fullt nám neyðist til þess að vinna meðfram námi. Samkvæmt könnun Eurostudent VII segjast 72% stúdenta þurfa að vinna til þess að eiga efni á því að vera í námi og 25% finna fyrir neikvæðum áhrifum á frammistöðu í námi vegna álags í vinnu.<sup>12</sup> Það ættu öll að geta stundað nám á sínum hraða og gera á hlutanám að raunverulegum kosti með því að lána hlutfallslega fyrir einingum þeirra sem ekki stunda fullt nám. Til þess að komast til móts við fólk sem kýs að taka nám á lengri tíma meðfram vinnu, og sérstaklega meðan kerfið er þannig að fólk neyðist til þess að vinna með námi þá þurfa skipuleggjendur náms að taka tillit til þess og bjóða upp á sveigjanlegt einstaklingsmiðað nám. Fjallað verður nánar um einstaklingsmiðað nám í kafla 4 um viðurkenningu, en þar koma fram aðrir kostir þess að námsfyrirkomulag sé fjölbreytt og að öll geti aðlagð námið sitt að sínum þörfum.

### © Markmið 1.3: Háskólar skulu sýna þeim sem kjósa/þurfa að vinna meðfram námi sveigjanleika.

<sup>11</sup> <https://www.esu-online.org/?policy=students-rights-charter>

<sup>12</sup> [https://www.eurostudent.eu/download\\_files/documents/Eurostudent\\_brochure\\_WEB.pdf](https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf)

- *Ábyrgð: Háskólar, Menntamálaráðuneyti*
  - Undirmarkmið:
    - Innleiða og efla rafrænar kennsluaðferðir
    - Einstaklingsmiðað námsval
    - Staðnám sniðið að ólíkum þörfum
  - Mælikvarði:
    - Niðurstöður gæðaúttekta

## Atvinnuleysi stúdenta

Stúdentar eiga ekkert öryggisnet að sækja í missi þeir vinnuna og verði fyrir tekjutapi. Þeir eru undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu á þeim grundvelli að Menntasjóður námsmanna eigi að sjá námsmönnum fyrir framfærslu. Hins vegar lánar sjóðurinn aðeins fyrir 9 mánuðum á ári auk þess að ekki hefur tekist að breyta kerfunum þannig að þau gangi upp saman. Þar með eru einnig stúdentar sem falla milli kerfa. Ljóst er að breyta þurfi lagaumhverfinu með tilliti til stúdenta og er fyrsta skrefið í því, fyrir utan að leiðrétta grunnframfærslu framfærslulána, að samræma kerfin og veita stúdentum að nýju rétt til atvinnuleysisbóta. Þá er einnig mikilvægt að haldið sé utan um gagnaöflun vegna atvinnuleysis stúdenta, sem um þessar mundir er ófullnægjandi af hálfu stjórnvalda.

Á sama tíma er nauðsynlegt að til séu atvinnutækifæri fyrir stúdent á sumrin. Stúdentar safna sér inn fyrir veturinn með því að vinna á sumrin en geta einnig hlotið mikilvæga reynslu á atvinnumarkaði. Í stefnu LÍS um gæði í íslensku háskólasamfélagi er fjallað ítarlega um starfsnám, þar kemur fram sú krafa að starfsnám sem fram fer í opinberum stofnunum eða í fyrirtækjum sem rekin eru með hagnaðarsjónarmiðum skal ávallt vera launað. Jafnframt er kallað eftir því að stjórnvöld geri reglugerð um starfsnám á háskólastigi sem tilgreinir nánar um skyldur og réttindi háskólanna, starfsnema og móttökuaðila. Aukið launað starfsnám væri ein leið til þess að fjölga atvinnutækifærum fyrir stúdent, en mun alls ekki henta öllum, svo þörf er á hvata fyrir hið opinbera og einkageira til þess að skapa fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir stúdent á námshléum.

### © **Markmið 1.4: Fjárhagslegt öryggi og fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir stúdent á námshléum**

- *Ábyrgð: Félagsmálaráðuneyti, Menntamálaráðuneyti, háskólar*
  - Undirmarkmið:
    - Félagsmálaráðuneyti skal fylgjast með tölum um atvinnuleysi meðal stúdenta og bregðast við með aðgerðum.
    - Stúdentum sé tryggt fjárhagslegt öryggi með greiðum aðgangi að námslánakerfinu sem og atvinnuleysistryggingakerfinu.
    - Skapa skal atvinnutækifæri (ýmist starfsnám eða ekki) fyrir stúdent á sumrin, innan háskólanna, hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði
    - Áfram skal efla styrktarsjóði
  - Mælikvarðar:



- Atvinnuleysi stúdenta metið með reglulegum hætti eins og er gert í öðrum samfélagshópum
- Atvinnuleysi stúdenta minnki

## Atvinnuleysi háskólamenntaðra

Að lokum setjum við fram markmið um að sporna gegn atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra einstaklinga. Samkvæmt Grænbók um fjárveitingar til háskólanna var markmið stjórnvalda við upphaf 20. aldar að hækka menntunarstig þjóðarinnar<sup>13</sup>, sem tókst, árið 2018 höfðu 44% fólks á aldrinum 25-64 ára lokið háskólanámi miðað við 28% árið 2003.<sup>14</sup> Samt sem áður fer hlutfall atvinnulausra sem eru með háskólamenntun hækkandi.<sup>15,16</sup> LÍS telja lausnina ekki liggja í því að bægja fólki frá háskólanámi og lækka menntunarstig þjóðarinnar aftur, heldur þarf að skapa hvata í atvinnulífinu þannig að fyrirtæki og stofnanir sjá kosti þess að fjárfesta í sérfræðimenntuðum starfskrafti.

### ☉ Markmið 1.6: Skapa skal atvinnutækifæri fyrir háskólamenntað fólk

- *Ábyrgð: Félagsmálaráðuneyti, Menntamálaráðuneyti, háskólar*
  - Undirmarkmið:
    - Skapa þarf hvata til þess að fyrirtæki ráði til sín háskólamenntað fólk.
    - Atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra minnki

## Húsnæði

Húsnæði er sjálfsgöð grunnþörf en samspil lágra námslána, skorts á stúdentabúðum og hækkandi leiguverðs á almennum markaði skerðir aðgengi margra stúdenta að viðunandi húsnæði. Samkvæmt könnun Eurostudent VII búa 43% stúdenta á Íslandi við íþyngjandi leiguverð, þ.e. þau eyða meira en 40% af tekjum sínum í leigu. Að vissu marki er húsnæðisvandi stúdenta tengdur námslánnum en fyrir árið 2020 samsvaraði námslán fyrir húsnæði aðeins 57% af meðalleiguverði á stúdío íbúð á höfuðborgarsvæðinu<sup>17</sup> og aðeins 43% af meðalleiguverði eins svefnherbergja íbúðar<sup>18</sup>. Þar sem er skráð í sambúð fær lægra lán fyrir húsnæði á mann en hafa þann kost að geta deilt herbergi, samt fengi það bara 80% af því sem stúdíóbúð kostaði 2020 og ættu aðeins 61% af verði eins svefnherbergja íbúðar. Sambýlingar sem deila ekki svefnherbergi ættu aðeins 73% upp í tveggja svefnherbergja íbúð<sup>19,20</sup>. Til þess að takast á við húsnæðivanda stúdenta þarf að lána fyrir raunverulegu leiguverði eins og krafist

<sup>13</sup> <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyslur/stakt-rit/2020/01/13/Graenbokumfjarveitingartilhaskola/>

<sup>14</sup> <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/01/13/Graenbok-um-fjarveitingar-til-haskola-/>

<sup>15</sup> <https://www.bhm.is/frettir/throun-atvinnuleysis-medal-haskolamenntadra-ahyggjuefni>

<sup>16</sup> <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/Hlutfallslegt-misraemi-menntunar-tt/>

<sup>17</sup> Reiknað úr töflu þjóðskrár yfir alla þinglýsta leigusamninga, meðalleiguverð fyrir meðalstærð af stúdíóíbúð á höfuðborgarsvæðinu utan Kjalarness yfir árið 2020 var 136.071 kr en einstaklingur fær 77.188 kr

Í námslán vegna húsnæðis skv. Úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir 2020-2021.

<sup>18</sup> Reiknað meðalleiguverð eins svefnherbergja íbúðar í meðalstærð á höfuðborgarsvæðinu utan Kjalarness árið 2020 var 177.890 kr. en þar í sambúð fengi samtals 109094 kr í námslán vegna húsnæðis skv. Úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir 2020-2021.

<sup>19</sup> Reiknað meðalleiguverð tveggja svefnherbergja íbúðar í meðalstærð á höfuðborgarsvæðinu utan kjalarness árið 2020 var 212.040 kr en sambýlingar ekki skráðir í sambúð fengi samtals 154376 í námslán vegna húsnæðis skv. Úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir 2020-2021.

<sup>20</sup> Sjá útreikning í viðauka 2

er í markmiði 1.1. en ríki og sveitarfélög þurfa einnig að ráðast í fjölbreyttar aðgerðir til þess að hagstæðir og viðeigandi húsnæðiskostir bjóðist fólki sem er í námi. Þegar þessi stefna er skrifuð er verið að byggja og taka í notkun stúdentaíbúðir á vegum Byggingafélagi námsmanna og Félagsstofnunar Stúdenta í Reykjavík. Það er mikið fagnaðarefni enda hefur framboð stúdentaíbúða lengi ekki svarað eftirspurn og biðlistar víða verið mjög langir. Það er von að fleiri stúdentar geti leigt sér húsnæði á góðum kjörum í nágrenni háskóla sinna, en mörg munu áfram þurfa búa á almennum leigumarkaði. Sum geta búið hjá foreldrum sínum eða fengið annarskonar stuðning frá nákomnum en það skal ekki vera forsenda þess að geta stundað nám að eiga sterkt bakland. Þar að auki verður áfram þörf á því að leggja áherslu á að nýbyggingar verði umhverfisvænar og aðgengilegar og að eldri byggingar verði uppfærðar hvað það varðar.

## Stúdentaíbúðir

### © Markmið 1.7: Hágæða, öruggt, sjálfbært og ódýrt húsnæði í viðeigandi stærð og staðsetningu skal standa stúdentum til boða í samræmi við eftirspurn.

- *Ábyrgð: Ríki, sveitarfélög, háskólar og stúdentareknar stofnanir*
  - Undirmarkmið:
    - Fjölga stúdentaíbúðum.
    - Huga að aðgengi og sjálfbærni í öllum nýjum framkvæmdum
    - Ráðast í framkvæmdir á eldri húsnæði til að uppfylla aðgengis- og umhverfisstaðla.
  - Mælikvarði:
    - Stytttri biðlistar.
    - Færri stúdentar sem neyðast til að búa hjá foreldrum sínum.
    - Ánægja meðal stúdenta með staðsetningu, tegund, aðgengi og gæði íbúða.
    - Færri stúdentar með íþyngjandi leigukostnað.

## Almennur húsnæðismarkaður

### © Markmið 1.8: Hágæða, öruggt, sjálfbært og ódýrt húsnæði í viðeigandi stærð og staðsetningu skal standa stúdentum til boða í samræmi við eftirspurn

- *Ábyrgð: Ríki og sveitarfélög*
  - Undirmarkmið:
    - Fjölbreyttar aðgerðir til að auðvelda ungu fólki að flytja úr foreldrahúsum í leiguíbúð eða eigið húsnæði
  - Mælikvarði:
    - Færri stúdentar sem neyðast til að búa hjá foreldrum sínum
    - Færri með íþyngjandi leigukostnað

# Heilsa

Hér viljum við fjalla um möguleika stúdenta til þess að sækja sér þá þjónustu sem þau þurfa til þess að búa við góða heilsu en einnig verða nefndir þeir þættir sem geta haft slæm áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu.

## Andleg

Samkvæmt könnun frá 2018 mældist þriðjungur stúdenta við klínískummörkum um þunglyndi og fimm tungur með kvíða<sup>21</sup>. LÍS, aðildarfélag LÍS og háskólarnir hafa fylgst með andlegri líðan stúdenta hraka enn frekar í gegnum heimsfaraldur kórónuveirunnar. LÍS stóð fyrir herðferðinni [Geðveikt álag](#) vorið 2020 þar sem þess var krafist að sálfræðiþjónusta verði til staðar í öllum háskólum landsins. Framfarir hafa átt sér stað í geðheilbrigðisþjónustu innan sem utan háskólanna síðan þá, boðið er upp á meðferðir í formi námskeiða eða viðtalstíma í mörgum háskólum og sálfræðingar heilsugæsla hefur verið fjölgað. Þetta eru mikilvæg skref fram á við en við í LÍS viljum benda á að horfa skal heildrænt á líðan stúdenta, tryggja skal geðheilbrigðisþjónustu en einnig búa þannig um kjör stúdenta að andleg heilsa stúdenta hraki ekki vegna álags.

### © Markmið 1.9: Stúdentar skulu búa við heilsueflandi en ekki heilsuminnkandi aðstæður og umhverfi hvað andlega heilsu varðar

- *Ábyrgð: Háskólar, Menntamálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti*
  - Undirmarkmið:
    - Grunn geðheilbrigðisþjónusta án endurgjalds til staðar sem mætir eftirspurn
    - Geðrækt í fyrirrúmi
    - Gott jafnvægi vinnu og einkalífs (sjá einnig markmið 3.2)
  - Mælikvarði:
    - Gögn um mat stúdenta á eigin líðan

## Líkamleg

Lítið er til af gögnum um líkamlega heilsu stúdenta, en þar sem slæm andleg heilsa stúdenta er að miklu leyti hægt að rekja til streitu og álags þá mætti álykta að stúdentar verði einnig fyrir þeim líkamlegu afleiðingum sem fylgja streitu. Veita skal stúdentum tækifæri til heilsueflingar en samhliða því skal ráðast á rót vandans og leysa þá þætti sem valda stúdentum of mikla streitu, helst fjármál eins og fjallað var um ofar í þessum kafla um grunnþarfir. Þar að auki, þó að það sé mikilvægt að vera vakandi fyrir slæmri eða hrakandi heilsu stúdenta, þá skulu úrræði ekki aðeins stefna að sæmilegri líðan stúdenta heldur að vellíðan stúdenta.

Samkvæmt Eurostudent VII segjast um 20% stúdenta á Íslandi hafa fötlun, skerðingu, langvarandi heilsufarsleg vandamál eða takmarkaða virkni, sem er í hærra lagi miðað við önnur Evrópulönd.<sup>22</sup> Hátt hlutfall stúdenta með langvarandi veikindi eða fatlanir getur gefið gott merki um að háskólarnir séu aðgengilegir fjölbreyttum hópi fólks en fylgjast þarf vel með því

<sup>21</sup> <https://www.ruv.is/frett/thridjungur-haskolanema-thunglyndur>

<sup>22</sup> [https://www.eurostudent.eu/download\\_files/documents/Eurostudent\\_brochure\\_WEB.pdf](https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf)

að öll fái þann stuðning sem þau þurfa til þess að njóta sín sem best í námi. Um réttindi fatlaðra stúdenta er nánar fjallað í [jafnréttis-](#) og [gæðastefnu](#) LÍS.

© **Markmið 1.10: Stúdentar skulu búa við heilsueflandi en ekki heilsuminnkandi aðstæður og umhverfi hvað líkamlega heilsu varðar**

- *Ábyrgð: Háskólar, Menntamálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti*
  - Undirmarkmið:
    - Heilsurækt á að vera til staðar á háskólasvæði
    - Heilsugæsla í nágrenni við háskóla
    - Gott jafnvægi vinnu og einkalífs (sjá einnig markmið 3.2)
  - Mælikvarði:
    - Mat stúdentanna sjálfra á eigin heilsu og möguleika til þess hlúa að heilsu sinni

## *Þjónusta*

Þessi undirflokkur nær yfir fjölbreytta þjónustu sem er nauðsynleg fyrir fólk til þess að sinna daglegum störfum. Öll þurfum við að nærast, börn þurfa að ganga í skóla og einhvernveginn þurfum við að komast á milli staða. Hversu auðvelt eða erfitt það er að sækja sér þessa þjónustu hefur áhrif á lífsgæði. Það skiptir máli að þessi þjónusta sé til staðar fyrir stúdenta en einnig að hún sé hagkvæm, viðeigandi og þægileg. Áhersla á þjónustu var áberandi í vinnustofum við undirbúning stefnunnar, til dæmis var nefnt að það er skortur á matvöruverslunum við háskólasvæði. Innan háskólanna þarf einnig að vera ákveðin grunnþjónusta til staðar, það einfaldar líf stúdenta að þurfa ekki að fara langt að sækja sér hollan og ódýran mat, en ekki er mötuneyti til staðar í öllum háskólabýggingum. Stúdentafélög, háskólarnir og sveitarfélög skulu vinna saman að því að gera bíllausan lífsstíl að raunverulegum kosti fyrir stúdenta, með góðu skipulagi en einnig með afsláttum eða jafnvel ókeypis aðgangi að almenningssamgöngum.

## Matur

© **Markmið 1.11: Stúdentar skulu hafa fjölbreytta og hagstæða kosti til að nærja sig á háskólasvæðinu og í nágrenni stúdentaíbúða**

- *Ábyrgð: Háskólar, stúdentareknar stofnanir, sveitarfélög*
  - Undirmarkmið:
    - Hagstæðar matvöruverslanir skulu vera til staðar í nærumhverfi háskóla og stúdentaíbúða.
    - Ódýr og fjölbreytt veitingaþjónusta skal vera til staðar á háskólasvæðum.
  - Mælikvarði:
    - Fjöldi kosta og ánægja stúdenta með kosti.

## Barnagæsla og skólar

### ☉ **Markmið 1.12: Stúdentar skulu geta komið börnum sínum að í barnagæslu, leikskóla og grunnskóla í nálægð við háskóla og stúdentaíbúðir**

- *Ábyrgð: Háskólar, stúdentareknað stofnanir, sveitarfélög*
  - Undirmerkið:
    - Fjölga leikskólum sérstaklega ætlaðir börnum stúdenta í nærumhverfi háskóla.
    - Grunnskólar og/eða góðar samgöngur í grunnskóla skulu vera til staðar í nærumhverfi háskóla.
  - Mælikvarði
    - Styttri biðlistar í leikskóla.
    - Nálægð og samgöngur í önnur skólastig við háskólasvæði og stúdentaíbúðir.

## Samgöngur

### ☉ **Markmið 1.13: Hagstæðir, hentugir og umhverfisvænir samgöngukostir skulu standa stúdentum til boða**

- *Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, sveitarfélög og háskólar*
  - Undirmerkið:
    - Almenningsamgöngur skulu tengja vel við og inn í háskólasvæði
    - Háskólarnir og sveitafélög skulu gera bíllausan lífsstíl að raunverulegum möguleika fyrir stúdenta.
    - Afslættir á umhverfisvænum samgöngumátum skulu bjóðast stúdentum.
  - Mælikvarði:
    - Tölfræði um samgöngumáta stúdenta sýni að almenningsamgöngur og deilisamgöngur nýtist.

## Kaflí 2: Öryggisþarfir

Á eftir grunnþörfum koma þarfir einstaklinga varðandi öryggi. Þessar fyrstu tvær hæðir þarfapírámíðans eru að mörgu leiti samofnar, þar sem skortur á grunnnaðsynjum getur leitt til hættulegra aðstæðna og óöruggar aðstæður geta takmarkað möguleika fólks til þess að fá grunnþarfir sínar uppfylltar. Í stóru samhengi gætu mælikvarðar um öryggi gefið til kynna um hvort stríðsástand ríki í samfélagi, hversu há glæpatíðni er eða hverjar líkurnar eru á náttúruhamförum. Hvað þessa stefnu varðar ákváðum við að einblína á þætti sem háskólar geta haft bein áhrif á, þó að vissulega geta mjög margir þættir sem ekki eru tilgreindir hér ógnað öryggi stúðenta.

### Vernd gegn ofbeldi og áreitni

Eftirfarandi markmiði snúa að vernd gegn ofbeldi og áreitni sem er sjálfsagður réttur allra. Það er samt ekki nóg að staðhæfa að enginn skal verða fyrir ofbeldi, raunveruleikinn er sá að ofbeldi á sér stað, og háskólasamfélagið þarf að vinna markvisst að því að fyrirbyggja og uppræta ofbeldi af öllu tagi. Styðja þarf við og valdefla jaðarhópa sem eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi, sérstaklega í ljósi aukinnar fjölmennningar á Íslandi. Standa þarf fyrir fræðslu til að hinn almenni stúðent og háskólastarfsfólk skilji birtingarmyndir ofbeldis og hvernig skal bregðast við því. Markmiðin snúa annars vegar að verkferlum og hins vegar að menningu. Verkferlana skal meta reglulega til að athuga hvort þeir séu að sinna sínu hlutverki. Menningu og viðhorf fólks um ofbeldi þarf einnig stöðugt að vinna í og endurskoða.

### Verkferlar

#### © Markmið 2.1: Öll eiga skilið að upplifa sig örugg í háskólasamfélaginu

- *Ábyrgð: Öll sem taka þátt í háskólasamfélaginu, en sérstaklega stjórnsýsla háskólanna varðandi verkferla*
  - Undirmarkmið:
    - Skýrir, gagnsær, og aðgengilegir verkferlar í hverjum háskóla um hvernig má tilkynna og hvernig er brugðist við tilfellum um ofbeldi, áreitni og einelti.
  - Mælikvarði:
    - Reglulegt mat á þeim verkferlum í samstarfi við stúðenta
    - Útkoma gæðamats og endurskoðunar á verkferlum.
    - Upplifun þolenda af verkferlum.

### Menning

#### © Markmið 2.2: Háskólasamfélög skulu einkennast af jákvæðu andrúmslofti þar sem öll eru velkomin og fá að njóta sín en ofbeldi er ekki liðið

- *Ábyrgð: Öll sem taka þátt í háskólasamfélaginu*
  - Undirmarkmið:

- Vinna þarf meðvitað að því að uppræta fordóma og ofbeldi með fjölbreyttum hætti (umræðu, viðburðum, greinaskrifum og fræðslu o.fl.).
- Mælikvarði:
  - Þessu markmiði þarf að vinna stöðugt að og er aldrei beint náð, það má alltaf gera betur.

## Forvarnarfræðsla

Forvarnarfræðsla gæti einnig átt heima með markmiðum um heilsu en er túlkuð sem öryggismál til þess að undristrika þátt menningar í því að ógna öryggi ákveðinna hópa og möguleika forvarnarfræðslu til þess að uppræta hættulegar aðstæður áður en þær eiga sér stað.

### © Markmið 2.3: Fræðsla skal standa öllum stúdentum til boða, óháð aldri, um þær ákvarðanir sem þau standa frammi fyrir varðandi áfengi, vímuefni og heilbrigði almennt

- *Ábyrgð: Velferðarráðuneyti, háskólarnir, námsráðgjafar, stúdentafélög*
  - Undirmarkmið:
    - Námsráðgjafar skulu standa að forvarnarfræðslu í samstarfi við stúdentafélög.
    - Stúdentafélög skulu vera meðvituð um sinn þátt.
  - Mælikvarði:
    - Tölfræði um vímuefnanotkun stúdenta.

### © Markmið 2.4: Fræðsla um kynlíf og sambönd skal standa öllum stúdentum til boða

- *Ábyrgð: Velferðarráðuneyti, háskólarnir, námsráðgjafar, stúdentafélög*
  - Undirmarkmið:
    - Innleiða skal kynfræðslu við hæfi í samstarfi við stúdentafélög.
  - Mælikvarði:
    - Gögn um viðhorf og upplifun ungs fólks til sambanda og kynlífs.

## Sjálfbærni & umhverfi

Sjálfbærni er ekki sérstaklega flokkuð í þarfapíramíða Maslow en í nútímaskilningi á velferðarmálum er sjálfbærni óneitanlega lykilatriði. Við ákváðum að setja þennan kafla undir öryggisþarfir, þó að sjálfbærni snerti nánast alla þætti lífs á jörðinni eins og við bendum á í [Stefnu LÍS um sjálfbærni í háskólasamfélaginu](#). Sjálfbærni er víðtækt hugtak sem felur í sér bæði umhverfis- og þróunarsjónarmið en skilgreiningin sem oftast er vitnað til kemur frá skýrslu framkvæmdastjórnar Brundtland um að „Sjálfbær þróun er þróun sem uppfyllir þarfir

nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta eigin þarfir.<sup>23</sup> Þess vegna er hægt að líta á sjálfbærni sem samband milli velferðar nútímans og framtíðarinnar. Lýsandi dæmi um samband velferðar við sjálfbærni má sjá í Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna<sup>24</sup> þar sem litið er á félagslega velferð og jafnrétti sem óaðskiljanlega þætti í því að ná fram sjálfbærari framtíð. Það er brýnt að menntastofnanir vinni að bættri líðan og lífsgæði nemenda á háskólasvæðinu með sjálfbærni í huga. Háskólar skulu hafa áætlanir og átaksverkefni með það að markmiði að efla sjálfbærnisvitund meðal starfsfólks, stúdenta og almennings.

© **Markmið: Háskólasamfélagið starfar á þann hátt að það þjónar stúdentum og starfsfólki núna án þess að skerða þjónustu við verðandi nemendur**

- *Ábyrgð: Ríki, háskólarnir og öll sem taka þátt í háskólasamfélaginu*
  - Undirmarkmið:
    - Sérhver háskóli vinnur að sjálfbærum starfsháttum í öllum starfi
  - Mælikvarði:
    - Tilvist aðgerðamiðaðra stefna um sjálfbærni sem eru reglulega endurskoðuð.
    - Háskólar birti reglulega skýrslur um stöðu aðgerða sem snúa að sjálfbærni.

© **Markmið: Meðvitund um sjálfbærni meðal stúdenta og starfsfólks**

- *Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti, háskólarnir, stúdentafélög*
  - Undirmarkmið:
    - Fræðsla um sjálfbærni verður hluti öllu háskólanámi.
  - Mælikvarði:
    - Að minnsta kosti eitt námskeið um sjálfbærni á hverri námsleið.

---

<sup>23</sup><http://www.un-documents.net/our-common-future.pdf>.

<sup>24</sup><https://www.heimsmarkmidin.is>



## Kafli 3: Félagslegar þarfir

Næsta þrep í þarfapíramíðum eru félagslegar þarfir. Sterkt félagslegt tengslanet hefur áhrif upp og niður píramíðann, getur veitt lífsfyllingu en einnig verið heilsueflandi og veitt lífsnauðsynlegan stuðning. Félagslíf er stór hluti af upplifun stúdenta af háskólaárunum ekki síður en námið sjálft. Háskólayfirvöld skulu hvetja til blómlegs félagslífs, m.a. með fjárhagslegum stuðningi til stúdentafélaga en líka með sveigjanleika varðandi tíma og rými þannig að félagslífið geti dafnað. Stúdentar skulu hafa afnot af fjölbreyttum rýmum innan veggja háskólanna sem henta fyrir óformlegar samkomur eða formlega fundi og viðburði.

### Blómlegt félagslíf

#### ◎ Markmið 3.1: Háskólar þurfa að vera uppbyggðir með félagslíf í huga

- *Ábyrgð: Háskólarnir*
  - Undirmarkmið:
    - Fjölbreytt rými til fyrir stúdenta til afnota innan veggja háskólanna.
    - Háskólar veiti félagslífi stúdenta fjárhagslegan og stjórnsýslulegan stuðning.
  - Mælikvarði:
    - Upplifun stúdenta af félagslífi.

### Hugað að álagi

#### ◎ Markmið 3.2: Stúdentar skulu njóta jafnvægis á milli vinnu, náms og einkalífs

- *Ábyrgð: Háskólarnir*
  - Undirmarkmið:
    - Skipuleggjendur náms þurfa að huga að álagi á stúdenta.
    - Virkt samtal milli kennara innan námsbrauta og við stúdenta um verkefnaskil og álagspunkta.
    - Sveigjanleiki í námi (sjá markmið 1.3).
  - Mælikvarði:
    - Kennslumat og upplifun stúdenta af álagi.

### Félagslegur jöfnuður

Háskólayfirvöld og stúdentafélögin sjálf þurfa að vera meðvituð um mögulegar hindranir að því að öll geti tekið virkan þátt í félagslífi. Þátttaka í félagslífi getur verið með formlegum hætti (að sitja í stjórn, koma að viðburðarskipulagi, sitja í ritstjórn) eða óformlegum hætti (að mæta á viðburð, lesa skólablöð). Skipulagt félagsstarf byggir oft á sjálfboðaliðavinnu sem ekki öll hafa tíma eða orku í að sinna. Þetta leiðir til þess að stjórnir stúdentafélaga eiga það til að vera heldur einsleitar og því hætta á því að jaðarhópar yfirsjáist eða útilokist, hvort sem það er í hagsmunagæslu eða félagslífi. Ef stjórnir stúdentafélaga eru fjölbreyttar eru meiri líkur á að

bæði hagsmunagæsla og skemmtun stúdenta henti víðari hópi fólks með ólíkar þarfir. Félög þurfa að skapa fjölbreytt tækifæri til þátttöku sem henta fjölbreyttum hópi stúdenta sem hafa mismikinn tíma aflögu til að varða í félagslíf. Reyna skal eftir bestu getu að launa þær stöður sem hægt er og umbuna vinnuframlagi með öðrum hætti þegar það er ekki hægt, til dæmis með skírteinisviðauka, gjafabréfum, ECTS einingum eða öðrum hætti.

© **Markmið 3.3: Félagslíf skal vera raunverulega aðgengilegt öllum stúdentum**

● *Ábyrgð: Stúdentafélög og háskólarnir*

○ Undirbærmið:

- Stúdentafélög skulu skapa fjölbreytt tækifæri til þátttöku
- Stúdentafélög skulu draga úr hindrunum að þátttöku
- Háskólar skulu styðja stúdentafélög við þessi markmið, t.d. með því að launa stöður í stjórnnum stúdentafélaga

○ Mælikvarði:

- Fjölbreyttari hópur fólks í sem tekur formlega eða óformlega þátt í félagslífi stúdenta

## Kaflí 4: Viðurkenning

Þessi kaflí fjallar um þörf fyrir virðingu og viðurkenningu. Félagslegar þarfir sem fjallað var um í kafla þrjú geta falið í sér þörfina á því að upplifa sig sem hluti af samfélagi, en í þessum kafla verður fjallað um möguleika fólks til þess að hafa áhrif á samfélagið sitt. Tilgangur menntunar er að vissu marki að gera fólki kleift að taka virkan þátt í samfélaginu með því að gefa fólki færi á að þróa færni í samskiptum, gagnrýnni hugsun og að efla sjálfsöryggi. Finnist einstaklingur hann ekki hafa stjórn á umhverfinu sínu, að lítið sé niður til hans eða komið fram við hann af óvirðingu þá hefur það afleiðingar upp og niður þarfapíramídan. Það er gildi í sjálfu sér að borin sé virðing fyrir öllum meðlimum samfélagsins, en þar að auki getur það haft mjög jákvæða áhrif á samfélagið ef öll fá tækifæri til að taka virkan þátt. Við það að hlusta á og bera virðingu fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum, og taka fjölbreytt sjónarmið raunverulega til greina við skipulag og ákvarðanatöku, aukast líkurnar á því að háskólasamfélagið þróist í átt að auknu jafnrétti og velferð allra.

### Þátttaka stúdenta

Stúdentar skulu upplifa sig sem fullgilda meðlimi háskólasamfélagsins. Taka þarf tillit til reynslu þeirra og sjónarmiða við alla ákvarðanatöku í háskólum. Virkni stúdenta endurspeglast í gæðum námsins en það er einnig líklegt að stúdentar nái árangri í námi sem þeir hafa haft tækifæri til að móta<sup>25</sup>. Þátttaka stúdenta er mikilvæg í sjálfu sér en aukinn ávinningur af virkni stúdenta er það óformlega nám sem á sér stað. Háskólasamfélag sem hvetur til virkar þátttöku veitir stúdentum sínum mikilvæga færni sem getur þjónað þeim löngu eftir að tíma þeirra í háskólanum er lokið.

#### © Markmið: Tekið skal mark á sjónarmið stúdenta í starfi háskóla

- *Ábyrgð: Háskólarnir og stúdentafélög*
  - Undirmarkmið:
    - Fulltrúar stúdenta ættu að vera til staðar í allir ákvörðunartöku háskólanna
  - Mælikvarði:
    - Nemendur viðstaddir og fullfærir um að taka þátt í ákvarðanatöku í háskólanum sínum

### Einstaklingsmiðað nám

Síbreytilegur heimur og örar breytingar á vinnumarkaði gera það að verkum að æ fleiri sækja háskóla til að standast kröfur fjórðu iðnbyltingarinnar.<sup>26</sup> Sveigjanlegar kennsluáferðir eru nauðsynlegar til að koma til móts við þann fjölbreytta hóp sem stúdentar skipa. Sveigjanlegt nám skapar einnig tækifæri til efla þverfaglega færni stúdenta, en eftirspurn eftir þverfaglegri færni mun færast í aukanna með fjórðu iðnbyltingunni.

Rafrænrir kennsluáferðir auka aðgengi fyrir fjölbreyttan hóp fólks, þar á meðal fólks úr dreifbýli, fólks með fötlun eða þeirra sem þurfa að sinna vinnu, fjölskyldu eða umönnun. Þróun

<sup>25</sup> Axelson, Rick D.; Flick, Arend.(2011). Defining Student Engagement. *Change: The Magazine of Higher Learning*, 43 (1), 38-43. Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=EJ911465>

<sup>26</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Framtidarnefnd/Fjorda-idnbyltingin-skyrsla.pdf>

Í fjarkennsluaðferðum hefur farið fram á dögum COVID, en þörf er á að meta og auka gæði alls fjarnáms. Stúdentahreyfingarnar hafa lagt áherslu á frá upphaf heimsfaraldursins að fjarnám geti ekki komið í staðinn fyrir allt staðnám. Þannig þarf staðarnám einnig að vera fjölbreytt og aðlagað að ýmsum þörfum stúdentahópsins.

© **Markmið: Háskólar skulu að stefna að því að laða að fjölbreytta hópa einstaklinga úr öllum áttum og bjóða upp á sveigjanlegar námsleiðir.**


- *Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti, háskólarnir*
  - Undirmarkmið:
    - Sveigjanlegar kennsluaðferðir eru til staðar, endurskoðaðar og reglulega endurbættar í öllu háskólanámi.
  - Mælikvarði:
    - Niðurstaða gæðamats, kennslumats

## **Kafli 5: Lífsfylling**

Ef unnið er markvisst að ofantöldum markmiðum teljum við stórauknar líkur á því að allir stúdentar á Íslandi og íslenskir stúdentar erlendis finni sína leið að lífsfyllingu. Sé öllum helstu þörfum stúdenta mætt - þá fyrst geta þau notið sín í námi og byggt grunn að farsælli framtíð.

# Viðauki 1

Myndir af þarfapíramída





Verkfæri fyrir




Til að nota gagvart



Til þess að hafa áhrif á



Hver ber ábyrgð?



## Viðauki 2

Tölur með útreikningi

Úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna 2020-2021							
	Framfærsla á mánuði (kr.) 9 mán á ári			Ráðstöfunar tekjur (unnið alveg upp að frítekjumarki en ekki yfir)	Dæmi um námsmann sem vinnur sér inn 2.000.000, hvað skerðist lánið mikið?	Ráðstöfunar tekjur m.v. 2.000.000 fyrir skatt (um 31% skatt)	Deilt á 12 mán
	Grunnur	Húsn.	Alls	á mán í 9 mán	á ári	á ári	á mán í 12 mán
1. Einhleypur	112312	77188	189500	255792	1419300	2799300	233275
2. Sambúð, barnlaus	112312	54547	166859	238811	1215540	2595540	216295
3. Sambúð, 1 barn	112312	63807	176119	272456	1619280	2999280	249940
4. Sambúð, 2 börn	112312	68957	181269	303019	1986060	3366060	280505
5. Einstæður, 1 barn	112312	127613	239925	320311	2193540	3573540	297795
6. Einstæður 2 börn e.fl.	112312	137914	250226	354736	2606640	3986640	332220



<a href="#">Meðalleiguverð á höfuðborgarsvæðinu 2020</a>			
	Studio	2 herbergi	3 herbergi
	136071	177890	212040
Hlutfall húsnæðisláns af meðal leiguverði			
	Stúdíó	2 herberfi	3 herbergi
1. Einhleypur	57%	43%	36%
<i>Einhleypir sambylingar á eins láni</i>	113%	87%	73%
. Sambúð, barnlaus	40%	31%	26%
<i>ef sambylingur/maki er á eins láni</i>	80%	61%	0%
3. Sambúð, 1 barn	47%	36%	30%
<i>ef sambylingur/maki er á eins láni</i>	94%	72%	60%
4. Sambúð, 2 börn	51%	39%	33%
<i>ef sambylingur/maki er á eins láni</i>	101%	78%	65%
5. Einstæður, 1 barn	94%	72%	60%
6. Einstæður 2 börn e.fl.	101%	78%	65%

Hlutfall leiguverðs af ráðstöfunartekjum			
	Stúdíó	2 herbergi	3 herbergi
1. Einhleypur	53%	70%	70%
. Sambúð, barnlaus	57%	74%	74%
<i>ef sambylingur/maki er á eins láni</i>	28%	37%	44%
3. Sambúð, 1 barn	50%	65%	65%
<i>ef sambylingur/maki er á eins láni</i>	25%	33%	39%
4. Sambúð, 2 börn	45%	59%	59%
<i>ef sambylingur/maki er á eins láni</i>	22%	29%	35%
5. Einstæður, 1 barn	42%	56%	56%
6. Einstæður 2 börn e.fl.	38%	50%	50%
Hlutfall leiguverðs af ráðstöfunartekjum ef tekjur eru 2 millj. fyrir skatt og lán skerðast			
	Stúdíó	1 svefherb	2 svefnherb
1. Einhleypur	58%	76%	91%
. Sambúð, barnlaus	63%	82%	98%
<i>ef maki er á eins láni</i>	28%	37%	44%
3. Sambúð, 1 barn	54%	71%	85%
<i>ef maki er á eins láni</i>	25%	33%	39%
4. Sambúð, 2 börn	49%	63%	76%
<i>ef maki er á eins láni</i>	22%	29%	35%
5. Einstæður, 1 barn	46%	60%	71%
6. Einstæður 2 börn e.fl.	41%	54%	64%

